

LANDSRÉTTUR

Dómur mánudaginn 13. júní 2022.

Mál nr. 299/2021:

Ákærvaldið

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Kristinn Bjarnason lögmaður)

Lykilorð

Kynferðisbrot. Nauðgun. Sönnun. Ásetningur.

Útdráttur

X var ákærður fyrir nauðgun og stórfellt brot í nánu sambandi samkvæmt 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa ráðist að fyrrverandi kærustu sinni með ofbeldi og haft samræði og önnur kynferðismök við hana án hennar samþykkis. Með hinum áfrýjaða dómi var X alfarið sýknaður af sakargiftum. Í dómi Landsréttar var komist að þeirri niðurstöðu að tengsl X og brotþola væru ekki slík að heyri undir ákvæði 218. gr. b. almennra hegningarlaga. Sakfelling fyrir brot gegn ákvæðinu kæmi því ekki til álita. Rakið var að með hliðsjón af framburði X og brotþola sem og ljósmyndum af áverkum brotþola væri sannað að X hefði beitt hana miklu ofbeldi meðan á kynferðismökum þeirra stóð. Hlutlægt séð félli háttsemi X því að verknáðarlýsingu 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Þá þótti með vísan til gagna málsins nægilega sannað að X hefði beitt brotþola ofbeldi sem hún hafi ekki áður upplifað af hans hálfu. Ekki var fallist á með X að hann hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla að brotþoli væri samþykk þeim kynferðismökum sem ákært var fyrir. Yrði þvert á móti talið að hann hafi í engu skeytt um raunverulegan vilja brotþola til að stunda með honum kynferðismök og vera í þeim beitt því mikla ofbeldi sem hann viðhafði gagnvart henni. Hafi X þannig með augljósum hætti brotið gegn sjálfsákvörðunarrétti og kynfrelsi brotþola. X var því sakfelldur fyrir að hafa af ásetningi haft kynferðismök við brotþola án samþykkis hennar, sbr. 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Þótti refsing X hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramennir Eiríkur Jónsson, Hervör Þorvaldsdóttir og Þorgeir Ingi Njálsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 27. apríl 2021. Málsgögn bárust réttinum 9. nóvember 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 31. mars 2021 í málinu nr. S-[...]/2020.
- 2 Ákærvaldið krefst þess að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar.
- 3 Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.
- 4 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti voru spilaðar hljóð- og myndupptökur af skýrslum ákærða, brotaþola og vitnisins B í héraði. Þá gáfu ákærði og brotaþoli viðbótarskýrslu.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 5 Í málinu er ákærði sóttur til saka fyrir nauðgun og stórfellt brot í nánu sambandi samkvæmt 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 17. apríl 2019, að [...] í Kópavogi, ráðist að fyrrverandi kærustu sinni, A, með ofbeldi og haft samræði og önnur kynferðismök við hana án hennar samþykkis. Ákærði hafi nánar tiltekið þvingað A til munnmaka og haft við hana samræði í tvígang með því að beita hana ofbeldi og ólögum nauðung, en hann hafi klipið hana, slegið hana ítrekað í andlit og líkama, bitið hana, rifið í hár hennar og tekið hana kverkatak þannig að hún átti erfitt með andardrátt, en loks látið af háttsemi sinni eftir að A hafi ítrekað beðið hann að hætta. Þá hafi ákærði með framangreindri atlögu ógnað lífi, heilsu og velferð A á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt og hún hlotið roða, mar, bit- og klórför, þar á meðal á baki, handleggjum, rassi, hálsi og andliti. Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sýknaður af sakargiftum.
- 6 Ákærði hefur borið á þann veg að hann hafi haft samræði við brotaþola á heimili hennar þessa nótt. Þá hafi hún veitt honum munnmök. Ekki hafi verið um neins konar þvingun af hans hálfu að ræða. Enn fremur hefur hann í öllum meginatriðum gengist við því að hafa, meðan á kynferðismökum stóð, viðhaft þá háttsemi gagnvart brotaþola sem lýst er í ákæru og með þeim líkamlegu afleiðingum sem þar er getið. Samkvæmt framburði ákærða fyrir Landsrétti snýr fyrirvari sem hann gerir hvað þetta varðar að því annars vegar að hann hafi togað og haldið í hár brotaþola en ekki rifið í það og hins vegar að kverkatak hans hafi verið það laust að það hafi ekki getað leitt til öndunarerfiðleika. Hefur ákærði haldið því fram að brotaþoli hafi áður stundað með honum kynlíf af þessum toga og ekki á nokkurn hátt gefið það til kynna, hvorki í

umrætt sinn né áður, að hún væri mótfallin því heldur þvert á móti sagt að hún væri fyrir „harkalegt kynlíf.“

- 7 Vitnisburður brotaþola hefur í stuttu máli verið á þann veg að hún hafi verið mótfallin því að hafa kynferðismök við ákærða þessa nótt, hann hafi þvingað hana til þeirra og beitt hana ofbeldi meðan á þeim stóð. Hún hafi ítrekað beðið hann um að hætta en hann ekki orðið við því. Þá hefur brotaþoli hafnað því að eitthvað þessu líkt hafi áður gerst í kynferðislegum samskiptum þeirra.
- 8 Eins og getið er um í héraðsdómi leitaði brotaþoli á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi að morgni miðvikudagsins 17. apríl 2019 en þangað kom hún í fylgd vinkonu sinnar B sem að beiðni brotaþola hafði komið á heimili hennar í kjölfar þess atviks sem er til umfjöllunar í málinu. Barst lögreglu tilkynning klukkan 8.04 um komu brotaþola á spítalann og að hún hefði þar skýrt frá því að hún hefði orðið fyrir kynferðisbroti á heimili sínu. Eftir að lögregla hafði rætt við brotaþola afhenti hún lykil að íbúð sinni þar sem ákærði var handtekinn skömmu síðar. Um tengsl ákærða og brotaþola er haft eftir henni í frumskýrslu lögreglu að þau hefðu um tíma verið í sambandi en nýlega slitið því. Hafi ákærði komið til hennar um nóttina í þeim tilgangi að ræða sambandslit þeirra.
- 9 Í forsendum héraðsdóms eru gerðar athugasemdir við rannsókn lögreglu á málinu. Snúa þær annars vegar að því að ekki hafi verið gerð rannsókn á áfengismagni í blóð- og þvagsýni úr ákærða, en í greinargerð ákærvalds kemur fram að ákærði hafi gefið þvagsýni klukkan 9.55 og að blóðsýni hafi verið tekið úr honum klukkan 10.43, og hins vegar að ekki hafi verið aflað upplýsinga um símanotkun ákærða og brotaþola um nóttina. Rannsókn á sýnunum hefði mögulega rennt stoðum undir vitnisburð brotaþola um mikla ölvun ákærða eða framburð hans um hið gagnstæða og þannig haft þýðingu við mat á trúverðugleika framburðar þeirra. Þá hefði rannsókn á símagögnum getað haft sömu þýðingu með því að hún hefði mögulega varpað ljósi á það hvenær ákærði kom á heimili brotaþola þessa nótt en þau bera með mismunandi hætti um það. Ákærvaldið hefur lagt fram í Landsrétti niðurstöður rannsókna á framangreindum sýnum sem gerðar voru 28. maí 2021. Samkvæmt þeim reyndist magn etanóls í blóðsýninu vera 0,70‰ og 1,78‰ í þvagsýninu. Þá liggur fyrir að ekki hafi verið unnt að afla upplýsinga um símanotkun samkvæmt framansögðu þar sem gögn þar að lútandi væru ekki lengur tiltæk.
- 10 Framburður ákærða og brotaþola og annarra vitna fyrir héraðsdómi er skilmerkilega reifaður í hinum áfrýjaða dómi. Í framburði sínum kannaðist ákærði við að áverkar á brotaþola væru eftir hann auk þess sem hann lýsti því hvernig hann hefði veitt henni þá. Þá er þess jafnframt að geta að fram kom hjá ákærða að þau hefðu ekkert rætt um það í undanfara kynferðismakanna hvað hann væri að fara að gera og að í hans huga hefði bara átt að koma í ljós hvort þau þróuðust í þá átt sem varð, það er „harkalegt kynlíf“ svo sem þau hefðu stundað áður, eða ekki.

- 11 Í skýrslu sinni fyrir Landsrétti svaraði ákærði því til að kynferðismök þeirra í umrætt sinn hefðu verið með sama hætti og oft áður. Hann hefði ekki leitað eftir sérstöku samþykki brotþola heldur gengið út frá því að ef hann gerði eitthvað rangt þá myndi hún gefa það til kynna og þá myndi hann hætta. Þannig hefði þetta gengið fyrir sig og þau hefðu verið búin að ræða um þetta. Engar reglur hefðu gilt um þessi samskipti þeirra og enginn „kóði“. Tók hann fram að hann hefði áður gengið fram af meiri hörku gagnvart brotþola. Hún hefði aldrei haft orð á því að hún „væri ekki að fíla þetta.“ Þá skýrði ákærði svo frá að lítið hefði þurft til svo hún fengi marbletti og hún hefði haft orð á því að hún þyrfti að hylja þá svo móðir hennar sæi þá ekki.
- 12 Í vitnisburði sínum fyrir Landsrétti staðhæfði brotþoli að kynlíf hennar og ákærða fram að umræddu atviki hefði verið venjulegt kynlíf. Ákærði hefði ekki áður beitt hana ofbeldi meðan á kynferðismökum þeirra stóð, það hafi í öllu falli aldrei verið gróft heldur „svo lítið, bara rétt aðeins“. Hann hefði lýst því fyrir henni að hann hefði stundað gróft kynlíf með barnsmóður sinni. Kom fram hjá brotþola að hún hefði aldrei gefið það í skyn að hún væri reiðubúin til að stunda slíkt kynlíf með honum. Þá skýrði brotþoli svo frá að hún hefði grátið allan tímann meðan á kynferðismökunum stóð, hún hefði verið dofin og í losti og ítrekað beðið hann um að hætta. Að þeim loknum hefði hún legið í rúmi sínu og hugsað um hversu alvarlegt það væri sem gerst hafði. Í tengslum við þennan vitnisburð sinn tiltók brotþoli að hún hefði sætt ofbeldi af hendi barnsföður síns og fundist sem hún væri að upplifa það sama að nýju.

Niðurstaða

- 13 Svo sem fram er komið lúta sakargiftir á hendur ákærða að brotum gegn 1. mgr. 194. gr. og 218 gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 14 Í síðarnefnda ákvæðinu segir að hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í umsjá hans, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skuli sæta fangelsi allt að sex árum. Ákvæðið kom inn í almenn hegningarlög með setningu laga nr. 23/2016 sem öðluðust gildi 5. apríl 2016. Í athugasemdum við ákvæðið í því frumvarpi sem varð að lögnum segir að þeir einstaklingar sem það veiti sérstaka réttarvernd séu kjarni þess hóps sem telja verði að nauðsynlegt sé að veita sérstaka vernd gegn ofbeldi í nánnum samböndum. Réttarvernd ákvæðisins sé þó ekki bundin við þá sem þar eru sérstaklega nefndir heldur geti hún eftir atvikum einnig náð til annarra sem búa með geranda á heimili eða eru í hans umsjá, svo sem systkina, fósturforeldra og fósturbarna. Loks er tekið fram að hugtakið sambúðarmaki í skilningi ákvæðisins verði ekki túlkað svo þröngt að nauðsynlegt sé að sambúð hafi formlega verið skráð hjá yfirvöldum svo ákvæðið komi til skoðunar. Í framburði sínum fyrir héraðsdómi lýsti ákærði sambandi sínu og brotþola á þann veg að það hafi fyrst og fremst verið kynferðislegt. Með þeim hefðu tekist kynni en þau hefðu aftur á móti aldrei verið formlega saman þó svo að þau hefðu

hist talsvert oft. Í vitnisburði sínum skýrði brotaþoli svo frá að þau hefðu aldrei búið saman og hún hefði aldrei litið svo á að þau væru í föstu sambandi. Þau hefðu bara verið að hittast. Að framangreindu virtu voru tengsl þeirra ekki slík að heyri undir ákvæði 218. gr. b almennra hegningarlaga. Kemur sakfelling fyrir brot gegn ákvæðinu því ekki til álita.

- 15 Verksaðarlýsing samkvæmt ákæru að því er tekur til nauðgunarbrotisins er áður rakin. Samkvæmt henni á ákærði meðal annars að hafa haft samræði við brotaþola með því að beita hana ofbeldi og annars konar ólögmætri nauðung.
- 16 Eftir breytingu sem gerð var á 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga með 1. gr. laga nr. 16/2018, sem tóku gildi 13. apríl 2018, hljóðar ákvæðið svo: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Samþykki telst liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja. Samþykki telst ekki liggja fyrir ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung. Til ofbeldis telst svipting sjálffræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“
- 17 Ákærði hefur svo sem fram er komið borið á þann veg að hann hafi haft samræði við brotaþola og hún veitt honum munnmök og að hann hafi meðan á samræðinu stóð klipið hana, slegið hana í andlit og líkama, bitið hana, togað í hár hennar og tekið hana kverkataki. Með hliðsjón af framangreindu, sem og trúverðugum framburði brotaþola og því hversu vel áverkar á henni sem ljósmyndir sýna samsvara lýsingu sem hún hefur gefið á ofbeldi sem hún varð fyrir af hálfu ákærða, er sannað að hann hafi í umrætt sinn beitt hana miklu ofbeldi meðan á kynferðismökum þeirra stóð. Ofbeldið var þannig þáttur í kynferðismökunum og fellur háttsemin hlutlægt séð að verksaðarlýsingu 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði heldur því á hinn bóginn fram að þau hafi þarna haft kynferðismök með samþykki brotaþola. Er sú staðhæfing hans grundvölluð á því að þau hafi í umrætt sinn haft kynferðismök sem hafi verið á sömu nótum og það kynlíf sem þau hefðu stundað oft áður og að hann hafi enga ástæðu haft til að ætla að hún væri þeim mótfallin, enda hafi hún ekki gefið neitt slíkt til kynna.
- 18 Andspænis framburði brotaþola hjá lögreglu og fyrir dómi, sem metinn var stöðugur og greinargóður í hinum áfrýjaða dómi, stendur eindregin neitun ákærða og framburður hans sem héraðsdómur taldi einnig vera stöðugan og greinargóðan. Í málflutningi sínum fyrir Landsrétti héldu sækjandi og verjandi því fram að þetta mat héraðsdóms væri rangt. Þannig benti sækjandi á misræmi í framburði ákærða sem geri hann ótrúverðugan og verjandi tiltók atriði í framburði brotaþola sem ekki fengu stoð í gögnum málsins og rýrðu þar með trúverðuleika vitnisburðar hennar. Enda þótt ekki séu efni til að vísa alfarið á bug málflutningi sem að þessu lýtur eru ekki forsendur til þess að hrófla við því heildstæða mati á framburði ákærða annars vegar og brotaþola hins vegar sem héraðsdómur leggur til grundvallar samkvæmt framansögðu. Samkvæmt því og að virtum ákvæðum 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008

um meðferð sakamála verður ekki fullyrt að atvik hafi verið með þeim hætti að brotaþoli hafi grátið og beðið ákærða um að hætta kynferðismökunum áður en hann gerði það, en að sögn ákærða lauk þeim strax í kjölfar þess að hann sá hana fella tár og hún sagði honum að hætta.

- 19 Framangreint útilokar ekki að háttsemi ákærða verði virt sem brot sem fallið geti undir 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Við svo búið og í ljósi þess að í framburði ákærða hefur komið fram að hann hafi ekki leitað eftir sérstöku samþykki frá brotaþola fyrir þeim kynlífsathöfnum sínum, sem hann hefur gengist við, reynir á það við úrlausn málsins hvort huglæg afstaða ákærða í ljósi staðhæfinga hans um fyrri kynferðismök hans og brotaþola og framgöngu hans í þeim fái leitt til þess að hann hafi með réttu mátt líta svo á að hún væri samþykkt þeim kynferðismökum sem ákæra í málinu tekur til.
- 20 Í athugasemdum við framangreinda 1. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 16/2018 segir meðal annars: „Hvað varðar hugtakið samþykki í 1. gr. frumvarpsins er ljóst að samþykki til þátttöku í samræði eða öðrum kynferðismökum verður að tjá með orðum eða annarri ótvíræðri tjáningu. Það þýðir að gefa þarf samþykki til kynna eða að virk þátttaka í tiltekinni athöfn verði túlkuð sem samþykki af hálfu annars eða annarra þátttakenda. Ekki verður gerð krafa um að þátttakandi mótmæli eða sýni móttöðu gagnvart þátttöku í kynferðislegri athöfn. Þá getur algert athafnaleysi ekki verið túlkað sem vilji til þátttöku. Samþykki fyrir þátttöku í samræði eða öðrum kynferðismökum afmarkast við það tiltekna tilvik og við þær kynferðislegu athafnir sem samþykkið nær til. Af kynfrelsi leiðir að eðlilegt er að þátttakandi í kynferðislegri athöfn geti hvenær sem er skipt um skoðun um þátttöku sína. Slík skoðanaskipti verður að tjá með orðum eða annarri tjáningu þannig að annar eða aðrir þátttakendur verði þessi áskynja. Ekki er talið æskilegt að skilgreina of nákvæmlega með hvaða hætti samþykki skuli tjáð.“
- 21 Fyrir framangreinda breytingu á nauðgunarákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga var því síðast breytt með 3. gr. laga nr. 61/2007. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum segir að aðalatriði kynferðisbrots sé að brotið hafi verið gegn sjálfsákvörðunarrétti fólks varðandi kynlíf, frelsi þess og friðhelgi og að það sé alvarlegast fyrir þolendur brotanna. Í samræmi við það sé í frumvarpinu dregið úr áherslu á verknaðaraðferðir og megináherslan lögð á að með brotunum séu höfð kynmök við þolanda án þess að samþykki hans sé fyrir hendi og þannig brotið gegn sjálfsákvörðunarrétti og athafnafrelsi hans í kynlífi. Síðar í athugasemdunum segir síðan að skortur á samþykki sé atriði sem fólgið sé í nauðgunarhugtakinu þar sem það sé samþykkisskortur sem geri háttsemina að nauðgun og þar með refsiverða. Athugasemdir þessar styðja enn frekar við mat á refsinemi verknaðar út frá núgildandi nauðgunarákvæði þar sem samþykki er þungamiðjan.
- 22 Samkvæmt 18. gr. almennra hegningarlaga er verknaður sem refsing er lögð við samkvæmt þeim lögum ekki saknæmur nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi.

Fyrir gáleysisbrot skal því aðeins refsá að sérstök heimild sé til þess í lögnum en slík heimild er ekki í 194. gr. almennra hegningarlaga. Í almennum athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 61/2007 og breyttu XXII. kafla almennra hegningarlaga segir að ásetningur verði að ná til allra efnisþátta verknaða eins og þeim sé lýst í refsíákvæðum. Í því felist að hann verði að taka bæði til verknaðaraðferðar og kynmakanna. Ásetningur þurfi einnig að ná til þess að nota hinar ólögsmætu verknaðaraðferðir til þess að ná fram kynmökunum. Þá verði ásetningur að taka til þvingunarinnar þegar brotið sé gegn 194. gr. en í því felist að þetta sé gert gegn vilja brotþola þannig að samþykki þolandans sé ekki fyrir hendi. Loks þurfi ásetningur að ná til orsakasambandsins á milli verknaðaraðferða sem leiða til þvingunar og kynmaka. Þá segir í athugasemdunum að þegar „ákærði neitar sök getur verið mjög erfitt að sanna huglæga afstöðu hans til verknaðarins. Verða dómstólar þá að meta hvað ákærði hafi hlotið að gera sér grein fyrir og tvinnast þá oft saman sakarmat og sönnunarmat. Mat ákærða á aðstæðum er lagt til grundvallar þannig að ekki er unnt að refsa honum fyrir nauðgun ef hann hafði réttmæta ástæðu til að ætla að þolandi væri samþykkur kynmökunum. Ástæða þess er sú að þá er ekki fyrir hendi ásetningur til að þvinga þolanda til kynmaka.“

- 23 Í athugasemdum í frumvarpi því er varð að lögum nr. 16/2018 er sérstaklega tekið fram að þrátt fyrir að lagðar séu til breytingar á 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga sé ekki lagt til að breyta huglægum skilyrðum nauðgunarbrotá. Þannig verði ásetningur áfram saknæmisskilyrði. Af þessu leiði að ásetningur verði að taka til allra efnisþátta 1. mgr. 194. gr., það er að fram fari samræði eða önnur kynmök þrátt fyrir að það sé gert án vilja þolanda þar sem samþykki hans sé ekki fyrir hendi. Gerandi verði þannig að gera sér grein fyrir að þolandi vilji ekki hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök. Sé beitt tiltekinni verknaðaraðferð við að fá samþykki, til dæmis með ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögsmætri nauðgun, verði ásetningur að taka til þess og einnig ef gerandi fær samþykki með því að beita blekkingum eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður.
- 24 Þar sem verndarandlag nauðgunarákvæðisins er samkvæmt framansögðu sjálfsákvörðunarréttur og athafnafrelsi fólks í kynlífi er hvorki unnt að líta svo á að samþykki sem brotþoli kann að hafa veitt ákærða til samfara eða annarra kynferðismaka taki til hvers kyns kynferðisathafna af hálfu hans né að fyrri kynferðisleg samskipti þeirra feli í sér sjálfkrafa samþykki af hálfu brotþola fyrir kynferðislegum athöfnum af sama toga.
- 25 Við mat á því hvort framburður brotþola hafi fengið slíka stoð í öðrum gögnum að ákærði verði, þrátt fyrir staðfasta neitun sína, sakfelldur fyrir ásetningsbrot samkvæmt framansögðu er í fyrsta lagi til þess að líta að hann hefur, líkt og áður greinir, í öllum meginatriðum gengist við því að hafa, meðan á kynferðismökunum stóð, viðhaft þá háttsemi gagnvart brotþola sem lýst er í ákæru og með þeim líkamlegu afleiðingum sem þar er getið. Læknisskoðun C á brotþola sama dag leiddi enda í ljós „áverka víða

á líkama, líklega bitför og för eftir að hafa verið slegin og haldið[,] á baki, bringu, handleggjum, rassi, lærum, hálsi og andliti.“ Þá liggja fyrir ljósmyndir úr skoðuninni sem bera með sér mikla og útbreidda áverka á brotaþola. Í framburði sínum fyrir héraðsdómi skýrði ákærði meðal annars svo frá að „þetta þróaðist bara þannig eftir fullt af samtölum og líka bara tilviljanir og alls konar í svefnherberginu sko“. Þau hefðu ekki rætt fyrir fram um hvað hann ætlaði að fara að gera, „bara annað hvort þróað þá í þessa átt eða ekki“. Þá tók hann fram að hann hafi ekki oft verið með áverka sjálfur enda hefði það yfirleitt verið hann sem var „svona dominant eiginlega í kynlífinu“. Til stuðnings því að samþykki hafi legið fyrir vísar ákærði meðal annars til framburðar barnsmóður sinnar fyrir dómi, þess að brotaþoli hafi viðurkennt að hún hafi verið fyrir harkalegt kynlíf og framburðar vinkonu hennar í þeim efnum. Barnsmóðir ákærða getur eðli málsins samkvæmt ekkert borið um kynlíf ákærða og brotaþola. Þá var brotaþoli staðföst um að hún væri ekki fyrir svo gróft kynlíf sem um ræðir og hefði ekki samþykkt það auk þess sem vinkona hennar tók ekki annað fram en að brotaþoli vildi „kannski meira röff“ kynlíf en venjulega og tók einnig fram „en kannski ekki þannig að það séu áverkar“.

- 26 Af vitnisburði þeirra B og D, sem áttu samskipti við brotaþola í kjölfar þess atviks sem hér um ræðir og gerð er grein fyrir í héraðsdómi, verður skýrlega ráðið að henni hafi þá liðið mjög illa, hún hafi grátið og verið í miklu uppnámi. Þá hefur ákærði skýrt svo frá að kynferðismökum hans og brotaþola hafi lokið þegar hann hafi séð að hún felldi tár og sagt honum að hætta eða „hreytti í mig að fara af sér.“ Hún hafi farið að gráta og brotnað niður. Hann hafi þá spurt hana hvað væri að „og þá bara svona hélt hún áfram að gráta og fór fram og ég einhvern veginn bara já, ákvað bara að fara að sofa.“ Er framangreint ótvírætt til þess fallið að renna stöðum undir að brotaþoli hafi orðið fyrir slæmri lífsreynslu í þeim kynferðismökum sem fyrir liggur að ákærði hafði við hana og hún hefur lýst með einkar trúverðugum hætti.
- 27 Að því virtu sem að framan er rakið verður að telja að nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008, sé komin fram fyrir því að ákærði hafi í kynferðismökum umrætt sinn viðhaft ofbeldi gagnvart brotaþola sem hún hafi ekki áður upplifað í kynferðislegum samskiptum þeirra.
- 28 Við mat á því hvort ákærði hafi allt að einu mátt ganga út frá því að hann hefði samþykki brotaþola fyrir framangreindri háttsemi sinni í ljósi fyrri samskipta þeirra af kynferðislegum toga skal auk alls framangreinds sérstaklega árétuð sú ríka vernd sem sjálfsákvörðunarréttur og athafnafrelsi fólks í kynlífi nýtur samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga. Af þessu leiðir í öllu falli að þeim sem hyggst viðhafa ofbeldi í kynlífi á að vera ljóst að hann þurfi að ganga ríkt eftir því að hann hafi skýrt og ótvírætt samþykki fyrir því. Það gerði ákærði ekki samkvæmt því sem að framan er rakið.
- 29 Í vitnisburði sínum hefur brotaþoli lýst því að hún hafi verið dofin og í losti meðan á kynferðismökunum stóð. Af framburði ákærða verður vart dregin önnur ályktun en að

brotapoli hafi ekki tekið virkan þátt í kynferðismökunum eða gefið það á annan hátt til kynna með skýrum hætti meðan á þeim stóð að hún væri samþykk þeim.

- 30 Samkvæmt öllu framansögðu verður ekki á það fallist með ákærða að hann hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla að brotapoli væri samþykk þeim ofbeldisfullu kynferðismökum sem ákært er fyrir. Verður þvert á móti talið að hann hafi í engu skeytt um raunverulegan vilja brotapola til að stunda með honum kynferðismök þar sem beitt væri þeirri hörku og því mikla ofbeldi sem hann viðhafði gagnvart henni. Braut ákærði þannig með augljósum hætti gegn sjálfsákvörðunarrétti og kynfrelsi brotapola.
- 31 Með vísan til alls þess sem að framan er rakið og að teknu tilliti til þess að sakarmat í málinu ræðst af atriðum sem ekkert hafa að gera með annmarka á rannsókn þess, sem áður er vikið að, verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa af ásetningi haft kynferðismök, svo sem þeim er lýst í ákæru, við brotapola án hennar samþykkis. Er háttsemi hans réttilega heimfærð í ákæru til 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.
- 32 Ákærði er samkvæmt framansögðu sýknaður af ákæru um brot gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og sú háttsemi hans sem í ákæru er talin eiga undir ákvæðið kemur ekki á annan hátt til álita við úrlausn málsins.
- 33 Ákærði hefur ekki áður hlotið refsisdóm. Samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga skal sá sem gerist sekur um kynferðisbrot af því tagi, sem ákærði er sakfelldur fyrir, sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af c-lið 195. gr. sömu laga er refsing ákærða ákveðin fangelsi í þrjú ár.
- 34 Ákærða verður gert að greiða allan sakarkostnað í héraði eins og hann var þar ákveðinn.
- 35 Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Landsrétti, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í þrjú ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað eins og hann var ákveðinn í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 2.023.617 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Bjarnasonar lögmanns, 1.953.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 31. mars 2021

Mál þetta, sem dómtekið var 10. febrúar 2021, höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 2. júlí 2020 á hendur ákærða, X, kt. [...], [...], Kópavogi;

„fyrir nauðgun og stórfellt brot í nánu sambandi, með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 17. apríl 2019, [...], Kópavogi, ráðist að fyrrverandi kærustu sinni, A, kt. [...], með ofbeldi og haft samræði og önnur kynferðismök við hana án hennar samþykkis, en ákærði þvingaði hana til munnmaka og hafði við hana samræði í tvígang með því að beita hana ofbeldi og ólögumatri nauðung, en ákærði kleip hana, sló hana ítrekað í andlitið og líkama, beit hana, reif í hár hennar og tók hana kverkatáki þannig að hún átti erfitt með andardrátt, en ákærði lét loks af háttsemi sinni eftir að A hafði ítrekað beðið hann að hætta. Með þessari atlögu var lífi, heilsu og velferð A ógnað á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt. Af þessu hlaut A roða, mar, bit- og klórför, þar á meðal á baki, bringu, handleggjum, rassi, lærum, hálsi og andliti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.500.000.- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 17. apríl 2019 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um greiðslu þóknunar vegna réttargæslu að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á réttargæsluþóknun.“

Kröfur ákærða í málinu eru þær aðallega að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvalds og að skaðabótakröfu brotþola verði vísað frá dómi. Til vara krefst ákærði vægustu refsingar sem lög leyfa og að skaðabótakrafan verði lækkuð verulega. Þá krefst ákærði þess að allur sakarkostnaður í málinu verði felldur á ríkissjóð, þar með talin þóknun verjanda til handa.

I

Að morgni 17. apríl 2019, um kl. 08:04, barst lögreglu tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um að óskað væri aðstoðar lögreglu á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi. Fram kom í tilkynningunni að hjá neyðarmóttökuteymi kynferðisbrota væri stödd kona sem segðist hafa orðið fyrir kynferðisbroti á heimili sínu [...] í Kópavogi.

Lögregla fór í kjölfarið á Landspítala í Fossvogi og ræddi við brotþola, A. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að brotþoli hafi komið á slysadeild fyrir um morguninn ásamt vinkonu sinni, B. Í frumskýrslu lögreglu er bókað að þegar lögregla hafi rætt við brotþola hafi hún verið róleg og yfirveguð. Brotþoli hafi verið með sýnilega áverka á hálsi. Þá hafi hjúkrunarfræðingur í neyðarmóttökuteymi kynferðisbrota upplýst lögreglu um að brotþoli væri einnig með áverka víðar um líkamann, þar á meðal bitför.

Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir brotþola að hún hefði um tíma verið í sambandi með ákærða en þau nýlega slitið sambandinu. Ákærði hefði síðan komið heim til brotþola um kl. 04:00 um nóttina. Ákærði hefði verið mjög ölvaður og viljað ræða sambandsslit þeirra. Ákærði hefði komið inn í íbúð brotþola og þau talað saman um stund. Ákærði hefði síðan farið inn á baðherbergi en brotþoli lagst upp í rúm íklædd hlýraból og nærbuxum. Þegar ákærði hefði komið út af baðherberginu hefði hann verið í nærbuxum einum fata. Hann hefði síðan farið upp í rúm til brotþola og komið fram vilja sínum við hana. Eftir það hefði brotþoli farið inn á baðherbergið og læst sig þar inni. Nokkru síðar, þegar brotþoli hefði talið að ákærði væri sofnaður, hefði hún hringt í B, vinkonu sína. B hefði komið til brotþola og í framhaldinu hefðu þær farið á bráðadeild Landspítala í Fossvogi.

Eftir að lögregla hafði rætt við brotþola var tekin ákvörðun um að fara að heimili brotþola og handtaka ákærða. Afhenti brotþoli lögreglu lykil að íbúð sinni. Þegar lögregla kom inn í íbúðina, um kl.

09:08, lá ákærði sofandi undir sæng í rúmi í svefnherbergi brotaþola. Var ákærði nakinn. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu voru föt ákærða á stól í svefnherberginu, önnur en nærbuxur hans sem lágu á kassa við rúmið. Lögregla vakti ákærða og upplýsti hann um ástæðu veru sinnar í íbúðinni. Í kjölfarið var ákærði handtekinn vegna gruns um kynferðisbrot gegn brotaþola.

Brotaþoli gaf skýrslu hjá lögreglu síðar um daginn og lýsti þá atvikum með nákvæmari hætti en hún hafði gert fyrir lögreglu á bráðamóttöku Landspítala um morguninn. Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglu sama dag. Kannaðist ákærði við að hafa haft samfarir og munnmök við brotaþola í svefnherbergi í íbúð hennar um nóttina en sagði kynmökina hafa verið með samþykki og vilja brotaþola. Áverka á brotaþola sagði ákærði skýrast af því hvernig þau hefðu stundað kynlíf, en það hefði gjarnan verið nokkuð harkalegt.

Rannsókn málsins lauk í maí 2019. Bótakrafa brotaþola barst lögreglu um miðjan ágúst sama ár og var málið sent héraðssaksóknara í kjölfarið, sem gaf út ákæru á hendur ákærða 2. júlí 2020 samkvæmt áðursögðu.

II

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 20. október sl. og neitaði sök og hafnaði bótakröfu brotaþola. Við aðalmeðferð málsins ítrekaði ákærði þá afstöðu sína.

Fyrir dómi lýsti ákærði atvikum máls svo að kynni hefðu tekist með honum og brotaþola í desember 2018. Brotaþoli hefði þá verið búsett í [...]. Þau hefðu náð vel saman og hlutirnir þróast þannig að þau hittust talsvert oft. Þau hefðu aftur á móti aldrei verið formlega saman þó svo að þau hefðu hist í nokkur skipti með börn sín. Sambandið hefði fyrst og fremst verið kynferðislegt. Brotaþoli hefði viljað að samband þeirra yrði annað og meira en á þessum tíma hefði ákærði nýlega verið kominn úr um ellefu ára sambandi með barnsmóður sinni og „tilfinningalega ekki til staðar.“ Tók ákærði fram að hann hefði verið með nokkrum konum eftir að upp úr sambandi hans og barnsmóður hans slitnaði. Þá hefði hann verið byrjaður að kynnast annarri konu en brotaþola um mánuði áður en atvik máls gerðust. Ákærði sagðist eftir á að hyggja hafa mátt vera skýrari gagnvart brotaþola með þá afstöðu sína, sem hann hefði fundið innra með sér, að þau yrðu aldrei annað og meira en bólfélagar.

Þar sem ákærði hefði ekki séð framtíð í sambandi þeirra brotaþola, og hann verið farinn að hitta aðra konu, hefði hann er á leið ítrekað fundið sér afsakanir til þess að þurfa ekki að hitta hana. Kvöldið áður en atvik máls gerðust hefði ákærði síðan ákveðið að taka af skarið og hann því hringt í brotaþola og ætlað að slíta sambandi þeirra. Hann hefði verið búinn að draga þetta í nokkurn tíma þar sem hann hefði vitað að brotaþoli væri ekki sama sinnis. Á meðan þau ræddu saman hefði brotaþoli farið að gráta. Símtalið hefði síðan þróast þannig að þau hefðu sammælt um að ákærði kæmi heim til brotaþola þegar hann væri búinn að spila póker við vini sína. Ákærði hefði áður verið búinn að spinna upp þá sögu að hann ætlaði að hitta vini sína í þeim tilgangi og notað þá skýringu sem afsökun til þess að þurfa ekki að hitta brotaþola.

Eftir símtalið við brotaþola kvaðst ákærði hafa farið með vini sínum á tvo þöbba. Þar hefði hann drukkið fjóra bjóra. Ákærði og vinur hans hefðu síðan endað í heimahúsi í Kópavogi þar sem ákærði hefði drukkið einn eða tvo bjóra til viðbótar. Um kl. 02:00 kvaðst ákærði hafa litið á klukkuna og ákveðið að rölta heim til brotaþola. Ákærði sagðist hafa verið skammt frá heimili brotaþola og hefði gangan ekki tekið lengri tíma en 5-8 mínútur. Hann hefði því verið kominn að heimili hennar á milli kl. 02:00 og kl. 02:30 um nóttina.

Þegar ákærði hefði verið kominn að heimili brotaþola hefði hann hringt í hana. Brotaþoli hefði svarað og lýst því fyrir ákærða hvar hann ætti að fara inn í íbúðina þar sem þetta hefði verið í fyrsta skipti sem hann kom heim til hennar eftir að hún flutti í Kópavog. Brotaþoli hefði tekið á móti ákærða og þau spjallað saman um stund. Þau hefðu síðan farið inn í svefnherbergi brotaþola. Þegar inn í herbergið kom hefði brotaþoli lagst upp í rúm. Ákærði hefði farið úr fötunum og síðan farið upp í rúm til brotaþola. Hann hefði byrjað að kyssa hana og hún kysst hann á móti. Ákærði hefði síðan klætt brotaþola úr fötunum sem hún var í, nærbuxum og bol. Hlutirnir hefðu síðan þróast þannig að þau hefðu stundað kynlíf, sambærilegt því sem þau hefðu stundað mánuðina á undan.

Ákærði tók fram að brotaþoli hefði áður en atvik máls gerðust verið búin að segja honum að hún væri fyrir harkalegt kynlíf, „... að láta taka í hárið á sér og hálsinn og bíta og eitthvað svona ...“ og hefði

kynlíf þeirra oftast en ekki verið þannig. Komið hefði fyrir að brotþoli hefði verið með áverka eftir kynlífið, aðallega bit- og klórför, en einnig marbletti. Sjálfur sagðist ákærði ekki hafa fengið áverka við kynlífið, enda hefði það verið hann sem var ráðandi í því. Ákærði kvaðst einnig hafa stundað svona kynlíf með barnsmóður sinni og konum sem hann hefði verið með eftir að upp úr sambandi þeirra slitnaði. Sagðist ákærði ekki hafa stundað slíkt kynlíf gegn vilja kvennanna.

Kynlífi þeirra brotþola umrædda nótt lýsti ákærði nánar svo að hann hefði byrjað ofan á og eins og oft áður hefði hann „byrjað með tennurnar í henni“. Ákærði hefði einnig gefið brotþola sogblett á hálsinn. Eftir að þau hefðu haft mök í trúboðastellingunni hefði brotþoli veitt ákærða munnmök í stutta stund. Þau hefðu síðan aftur haft samfarir í trúboðastellingunni. Meðan á þeim stóð hefði ákærði haldið um háls brotþola og í hendur hennar. Kynlífið hefði verið í grófari kantinum en ákærði hins vegar gætt að því að fara ekki yfir strikið. Eftir að hafa haft samfarir við brotþola í trúboðastellingunni hefði ákærði farið „aftan á hana“. Meðan á þeim samförum stóð hefði hann slegið brotþola í rassinn, togað í hárið á henni, haldið um háls hennar, í eitt skiptið með báðum höndum en annars með annarri hendi, og bitið hana í og við háls og í bakið. Þau hefðu því næst farið aftur í trúboðastellinguna og brotþoli síðan aftur veitt ákærða munnmök í stutta stund. Allan tímann sem þau stunduðu kynlíf, sem ákærði taldi hafa verið í um 30 mínútur, kvaðst ákærði hafa verið „með tennurnar í henni“. Tók ákærði fram hvað það varðaði að hann hefði ekki bitið mjög fast og alls ekki þannig að undan hefði blætt. Hann hefði einnig klipið brotþola og slegið hana mjög létt í andlitið „... kannski þrisvar meðan á kynlífinu stóð“ en alls ekki þannig að séð hefði á henni.

Fyrir dómi voru ákærða sýndar ljósmyndir af áverkum brotþola sem teknar voru á neyðarmóttöku Landspítala í Fossvogi 17. apríl 2019. Ákærði bar að brotþoli hefði áður borið viðlíka áverka eftir að þau höfðu stundað kynlíf, og tölvuvert meiri áverka reyndar. Ákærði tók fram í því sambandi að brotþoli væri með sérlega viðkvæma húð og mjög lítið þyrfti til til þess að á henni sæi.

Ákærði sagði brotþola hafa verið samþykka öllu því sem átti sér stað í kynlífi þeirra umrædda nótt. Þvertók hann fyrir að hafa beitt hana ofbeldi og þvingunum. Þá kannaðist ákærði ekki við að brotþoli hefði ítrekað beðið hann um að hætta því sem hann var að gera. Framburð brotþola fyrir lögreglu, um að hún hefði bitið hann í hálsinn, sagði ákærði rangan. Ákærði sagði það eina sem verið hefði öðruvísi en venjulega við kynlíf hans og brotþola þessa nótt hefði verið að þegar þau hefðu verið í trúboðastellingunni í lokin hefði hann allt í einu veitt því athygli að henni vöknaði um augu. Hún hefði síðan skyndilega brotnað niður og farið að gráta. Brotþoli hefði síðan hreytt í ákærða að hann ætti að hætta og fara af henni, sem hann hefði strax gert. Fram að því hefði brotþoli ekki á nokkurn hátt verið búin að gefa til kynna að hún væri kynlífinu ekki samþykk. Ákærði kvaðst hafa spurt brotþola að því hvað væri að en hún engu svarað. Hún hefði síðan farið fram og ákærði þá ákveðið að fara að sofa. Sagði ákærði brotþola aldrei áður hafa brotnað niður og grátið þegar þau voru að stunda kynlíf.

Ákærði tók fram að undir það síðasta hefði samband þeirra brotþola verið búið að vera erfitt. Ákærði ítrekaði að hann hefði verið mjög brotinn á þessum tíma og ekkert getað gefið af sér tilfinningalega. Brotþoli hefði einnig verið mjög brotin og hefði hún verið búin að segja ákærða frá því að hún væri búin að vera til meðferðar hjá sálfræðingi vegna áfallastreituröskunar og þunglyndis og að hún væri að taka kvíða- og þunglyndislyf. Undir það síðasta hefði brotþoli ítrekað verið búin að brotna niður og talsvert drama verið því tengt hvort framhald yrði á sambandi þeirra. Af þessum sökum hefði ákærði ekkert spáð meira í það þó svo að brotþoli hefði brotnað niður meðan þau voru í kynlífsathöfnum umrædda nótt heldur bara farið að sofa. Þegar hann hefði vaknað um morguninn hefðu fjórir lögreglumenn verið staddir í svefnherberginu. Kvaðst ákærði þá hafa verið allsgáður.

III

A, brotþoli í málinu, sagði kynni hafa tekist með henni og ákærða á samskiptaforritinu Tinder í desember 2018. Eftir að hafa verið í samskiptum þar hefðu þau ákveðið að hittast. Hlutirnir hefðu í kjölfarið gengið nokkuð hratt fyrir sig og þau ákærði eytt miklum tíma saman. Þá hefðu þau verið búin að hittast með börn sín og leyfa þeim að kynnast. Þau hefðu hins vegar aldrei búið saman. Brotþoli kvaðst ekki hafa litið svo á að hún og ákærði hefðu verið í föstu sambandi „... við vorum bara að hittast.“

Brotapoli sagði hana og ákærða hafa rætt um það tveimur vikum áður en atvik máls gerðust að slíta sambandinu og hefði sú hugmynd komið frá ákærða. Hann hefði gefið brotþola þá skýringu að barnsmóðir hans vildi að þau tækju saman aftur. Brotapoli hefði haft skilning á afstöðu ákærða en jafnframt lýst væntumþykju sinni í hans garð og því hversu ákvörðun um að slíta sambandinu myndi reynast henni erfið. Þau hefðu þrátt fyrir þessar vangaveltur ákærða verið áfram í sambandi.

Brotapoli sagðist hafa haft samband við ákærða í aðdraganda þeirra atvika sem í ákæru greinir og þau ákveðið að hittast umrætt kvöld og ræða möguleg sambandsslit. Brotapoli hefði viljað fá skýrar línur frá ákærða um það „... hvort hann gæti gefið mér svar, hvort þetta væri búið eða ekki.“ Ákærði hefði sagst vera að fara að spila póker við vini sína en að hann gæti komið heim til brotþola að því loknu, en hún hefði þá verið nýflutt að [...] í Kópavogi. Þau hefðu sammælst um að ákærði myndi hringja í brotþola þegar hann væri laus, sem hann hefði talið að yrði á milli kl. 01:00 og 02:00 um nóttina. Ákærði hefði hins vegar ekki hringt fyrir en um kl. 04:00. Hann hefði þá verið staddur fyrir utan heimili brotþola. Brotapoli hefði hleypt ákærða inn í íbúðina og síðan farið beint upp í rúm, enda hefði hún þurft að vakna kl. 06:00 um morguninn til þess að mæta til vinnu. Á meðan hefði ákærði klætt sig úr yfirhöfninni. Brotapoli hefði heyrt ákærða röfla eitthvað frammi og hann meðal annars kallað hana Tinder-drottningu. Brotapoli hefði talið ákærða vera að grínast og tengt þetta við það að skömmu áður hefði brotþoli „matchað“ vin ákærða á Tinder, ákærði komist að því og verið ósáttur. Þetta hefði gerst „...“ eftir að við vorum eiginlega hætt saman.“ Ákærði hefði síðan farið á snyrtinguna.

Þegar ákærði hefði komið út af snyrtingunni hefði hann farið úr þeim fötum sem hann var þá í og komið upp í rúm til brotþola. Ákærði hefði sest klovvega yfir brotþola þannig að hné hans fóru yfir handleggi hennar og hann þannig haldið henni niðri með fótunum. Hefði brotþoli fengið áverka á handleggi við það. Ákærði hefði síðan haldið áfram að röfla og vera með stæla við brotþola. Hann hefði í framhaldinu tekið typpið á sér út úr buxunum og sett það upp í munn hennar. Það hefði ákærði gert nokkrum sinnum og hefði brotþoli beðið hann um að hætta. Á þessum tímapunkti kvaðst brotþoli hafa fundið áfengislykt af ákærða og þá áttað sig á því að hann væri drukkinn. Brotþoli hefði í fyrstu haldið að ákærði væri að fflast í henni en hann síðan orðið grófari og grófari og brotþoli þá orðið hrædd. Ákærði hefði snúið brotþola við, klætt hana úr nærbuxunum, sett typpið inn í leggöng hennar og byrjað að ríða henni. Á meðan hann gerði það hefði hann rífið í hár brotþola og einnig bitið fast í hnacka hennar og bak. Brotþoli hefði þá byrjað að gráta og beðið ákærða um að hætta en hann ekkert hlustað á hana heldur haldið áfram. Brotþoli kvaðst ekki hafa þorað að berjast á móti vegna þess hversu ágengur og harðhentur ákærði hefði verið. Ákærði hefði síðan snúið brotþola við aftur og hún þá sagt við hann: „Plís, viltu hætta. Þú ert að nauðga mér.“ Ákærði hefði samt ekki hætt. Hann hefði strokið yfir kinn hennar með annarri hendinni og spurt: „Viltu að ég verði góður við þig núna?“ Brotþoli hefði svarað því játandi og ákærði þá tekið í hana og skellt höfði hennar í vegginn. Við það hefði brotþoli fengið mikinn höfuðverk. Í kjölfarið hefði ákærði tekið hana hálstaki „...“ og byrjar að kyrkja mig“ og hafi brotþoli átt erfitt með að ná andanum. Brotþoli kvaðst hafa grátið stöðugt og beðið ákærða um að hætta en hann ekkert á það hlustað. Brotþoli sagði ákærða jafnframt hafa bitið hana í kinnar og slegið hana ítrekað í andlitið. Þá hefði hann klippið í bringu hennar. Er ákærði hefði legið ofan á brotþola sagðist hún hafa bitið hann eins fast og hún gat í því skyni að verja sig. Aðspurð sagðist brotþoli ekki hafa öskrað eða reynt að kalla á hjálp. Hún hefði ekki talið að nokkur myndi heyra í henni.

Þegar á þessu öllu hefði gengið í eina til eina og hálf klukkustund „... þá næ ég að segja að ég þurfi að fara á klósettið og fer inn á bað.“ Hvað varð þess valdandi að ákærði hætti og leyfði henni að fara inn á snyrtingu kvaðst brotþoli ekki vita. Við mat á því hversu lengi atvikin í rúminu stóðu kvaðst brotþoli taka mið af því hvenær ákærði kom á heimili hennar og hvenær hún síðan fór á bráðamóttökuna. Brotþoli hefði læst sig inni á snyrtingunni og verið þar í stutta stund. Þegar hún hefði komið fram aftur hefði ákærði verið sofnaður í rúminu. Brotþoli hefði þá lagst aftur upp í rúm og legið þar í örfáar mínútur. Þegar hún hefði verið búin að átta sig á því sem hafði gerst, og hversu rangt það var, hefði hún farið aftur inn á snyrtingu. Þar hefði hún skoðað líkama sinn og þá séð alla þá áverka sem á honum voru. „Þá áttaði ég mig á því hvað var virkilega að gerast.“ Í kjölfarið hefði hún farið inn í stofu og fljótlega hringt í vinkonu sína, sem búsett væri skammt frá, og beðið hana um að koma og sækja sig. Vinkonan, sem væri sálfræðingur,

hefði komið og hjálpað brotaþola að ná áttum. Hefði vinkonan ráðlagt brotaþola að fara á neyðarmóttöku og tilkynna það sem gerst hafði. Spurð um af hverju hún hefði hringt í vinkonu sína en ekki lögreglu svaraði brotaþoli því til að hún hefði verið í miklu áfalli. „Ég var svona ennþá að átta mig á því hvað hafði verið að gerast.“

Spurð um hvort kynlíf þeirra ákærða hefði verið á viðlíka nótum og þau atvik sem hún lýsti umrædda nótt svaraði brotaþoli: „Ekki svona.“ Ákærði hefði verið búinn að greina brotaþola frá því að hann væri fyrir gróft kynlíf en þau aldrei rætt það neitt nánar. Brotaþoli hefði þó vitað að ákærða þætti gott að narta og bíta létt meðan á kynlífi stæði en ekki þannig að af því kæmu áverkar. Einnig að slá í rass. Ákærði hefði nefnt þetta eitthvað í sambengi við kynlíf hans og hans fyrrverandi. Hins vegar hefði ekki komið til tals að þau tvö, ákærði og brotaþoli, stunduðu slíkt kynlíf, hvað þá að þau hefðu gert það. Framburð ákærða í þá veru kvað brotaþoli rangan. Þó gæti verið að brotaþoli hefði nefnt að hún „...“ filaði smá, bara lítið, bíta í hálsinn, svoleiðis ... gæti verið að ég hafi sagt það en alls ekki meira en það.“ Þá var á brotaþola að skilja að eitthvað hefði verið um nart í kynlífi þeirra. Muninn á narti og biti kvað brotaþoli þann að það kæmu áverkar eftir bit en ekki nart. Sagðist brotaþoli aldrei hafa borið áverka eftir kynlíf þeirra ákærða en hún sagðist fá marbletti auðveldlega. Framburð ákærða um annað sagði brotaþoli rangan. Spurð um hvort það að þrýsta á háls hefði verið partur af kynlífi hennar og ákærða svaraði brotaþoli því fyrst neitandi. Hún staðfesti hins vegar síðar sem rétt ummæli sín við skýrslutöku hjá lögreglu um að ákærði hefði tekið hana hálstaki meðan þau stunduðu kynlíf „...“ voða létt og svona aðeins.“

Brotaþoli sagði sér hafa liðið hræðilega meðan á þessu stóð. Hún hefði verið í áfalli og hún frosið. Brot ákærða hefðu haft veruleg áhrif á brotaþola en að hún hefði verið að glíma við kvíða og þunglyndi frá því í æsku. Brot ákærða hefðu gert illt verra. Brotaþoli hefði fengið meðferð hjá áfallateyminu en ekki haldið áfram í sálfræðimeðferð vegna þess hversu kostnaðarsöm hún hefði verið. Brotaþoli hefði hins vegar notið sálfræðimeðferðar í gegnum mæðravernd frá því í desember sl.

B bar fyrir dómi að aðfaranótt 17. apríl 2019 hefði hún fengið símtal frá vinkonu sinni, brotaþola í málinu. Hún hefði verið í miklu uppnámi og beðið vitnið um hjálp en vitnið hefði ekki getað áttað sig á því í símtalinu hvað væri nákvæmlega í gangi. Allt að einu hefði verið ljóst að eitthvað mikið hafði komið fyrir. Taldi vitnið mögulegt að í símtalinu hefði brotaþoli nefnt að ákærði hefði ráðist á hana, án þess að hafa lýst því nánar.

Þegar vitnið hefði komið til brotaþola skömmu síðar hefði hún enn verið í miklu uppnámi. Brotaþoli hefði í framhaldinu greint vitninu frá því í grófum dráttum hvernig ákærði hefði ráðist á hana og nauðgað henni. Brotaþoli hefði sýnt vitninu áverka sem á líkama hennar hefðu verið og vitnið strax séð „...“ að þetta var frekar alvarlegt.“ Þegar brotaþoli hefði upplýst vitnið um að ákærði væri enn í íbúðinni, sofandi í rúmi inni í svefnherbergi, hefði vitnið sagt henni að klæða sig strax og lagt til að þær yfirlæsi íbúðina. Vitnið tók fram að brotaþoli hefði verið í áfalli og miklu uppnámi og því ekki vitað hvað til bragðs ætti að taka. „Og ég, já, við erum frekar fljótar að ákveða við við séum bara á leiðinni upp í Fossvog.“ Vitnið tók fram að brotaþoli hefði verið í áfalli og miklu uppnámi og því ekki vitað hvað til bragðs ætti að taka. Vitnið hefði því stungið upp á því að þær færu á bráðadeild Landspítala í Fossvogi og brotaþoli þá ákveðið að það skyldu þær gera.

Vitnið sagði brotaþola síðar hafa lýst því sem gerðist um nóttina svo að í fyrstu hefði hún talið að ákærði væri að fíflast í henni. Hann hefði sest klovvega yfir hana og látið hnén hvíla á handleggjum hennar. Í kjölfarið hefði hann reynt að þvinga hana til munnmaka. Ákærði hefði síðan snúið brotaþola við og byrjað að bíta hana. Á einhverjum tímapunkti hefði ákærði tekið hana hálstaki og skellt höfði hennar í vegg. Þá hefði ákærði kallað brotaþola öllum illum nöfnum. Hefði brotaþoli sagt berum orðum við ákærða meðan á þessu gekk: „Þú ert að nauðga mér.“ Þá sagði vitnið fram hafa komið hjá brotaþola að hún hefði bitað hann. Taldi vitnið aðspurt að sú skýring sem fram hefði komið hjá því við skýrslugjöf hjá lögreglu, um að brotaþoli hefði bitað ákærða eins fast og hún gat til þess að reyna að losna við hann, væri rétt eftir brotaþola höfð.

Vitnið bar að kvöldið áður hefði brotaþoli verið búin greina vitninu frá því að hún ætti von á ákærða í heimsókn til þess að ræða samband þeirra. Vitnið kvaðst hafa vitað að brotaþoli og ákærði hefðu verið

mikið saman um tíma en undin lokin hefði þetta verið orðið „... allt eitthvað voða skrýtið ... þá sá maður alveg að þetta var ekkert að fara að endast.“

Spurt um hvort vitnið og brotapolí hefðu einhvern tímann rætt um það hvað þeirri síðarnefndu líkaði í kynlífi bar vitnið að brotapolí hefði einhverju sinni nefnt „... að henni finnist bara gott að hafa það, þú veist, kannski meira röff heldur en venjulega ... en kannski ekki þannig að það séu áverkar.“

E lögregluvarðstjóri skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði að morgni 17. apríl 2019 verið kallaður á slysadeild Landspítala í Fossvogi vegna ætlaðs fórnarlambs kynferðisbrots. Vitnið hefði farið á slysadeild og rætt við brotapolá. Spurt um ástand brotapolá svaraði vitnið því til að hún hefði virst dofin. Vitnið minntist þess ekki að hafa séð áverka á brotapolá.

Vitnið sagðist hafa kallað til rannsóknarlögreglumann og síðan farið að heimili brotapolá ásamt fleiri lögreglumönnum þeirra erinda að handtaka ákærða. Hefði lögregla fengið afhentan lykíl að íbúðinni til að komast þar inn. Er inn var komið hefði lögregla fundið ákærða sofandi í rúmi. Ákærði hefði verið vakinn og honum kynntar sakargiftir. Í kjölfarið hefði ákærði verið handtekinn.

Við handtöku kvaðst vitnið hafa fundið áfengisþef af ákærða. Vitnið sagði viðbrögð hans hafa verið „frekar fáleg“ og svo virst sem honum kæmi handtakan ekki á óvart.

Fram kom hjá vitninu að það hefði ekki haft frekari afskipti af rannsókn málsins en að framan greinir. Vitnið kvaðst því ekki geta gefið skýringar á því af hverju niðurstöður úr rannsóknum á blóð- og þvagsýnum, sem ákærði gaf í þágu rannsóknar málsins, lægju ekki frammi í málinu.

C lækni kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði framlagða skýrslu sína um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotapolá, dagsetta 17. apríl 2019. Vitnið bar að það myndi tæplega tala um nart í sambandi við þá sýnilegu áverka sem vitnið hefði talið líklegt að væru bitför. Þó hefði í einu tilvikinu verið um að ræða að byrjaður hefði verið að koma fram svolítið djúpur marblettur. Þar hefði verið um meira en nart að ræða. Vitnið tók fram hvað skýrslu sína varðaði að það væri ekki réttarmeinafræðingur. Sérfræðiþekking vitnisins lyti að kvenskoðunum. Sagði vitnið það verulega vandasamt að leggja mat á marbletti. Vitnið staðfesti að engir áverkar hefðu fundist á kynfærum brotapolá. Tók vitnið fram í því sambandi að ekki myndu alltaf áverkar á kynfærum kvenna þótt kynmök hafi verið harkaleg.

D hjúkrunarfræðingur kom fyrir dóm staðfesti gerð og efni framlagðrar móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings, dags. 17. apríl 2019. Vitnið sagðist hafa verið á bakvakt á neyðarmóttöku Landspítala í Fossvogi umrætt sinn. Vitnið hefði verið kallað út vegna þessa máls og rætt við brotapolá sem komið hefði á neyðarmóttökuna ásamt vinkonu sinni. Vitnið sagði að brotapolí hefði verið „öll út í bitum“. Vitnið kvað brotapolá hafa liðið mjög illa og hún grátið. Hún hefði þrátt fyrir það gefið góða sögu.

Vitnið kvaðst hafa ljósmyndað áverka brotapolá. Þar sem vitnið væri hjúkrunarfræðingur og hefði því ekki beint það hlutverk, eða hefði til þess færni eða hæfni, að meta áverka hefði það kallað til lækni á bráðamóttöku til að koma og meta þá. Vitnið hefði þó talið ljóst að um bitför hefði verið að ræða. Auk þess hefði vitnið verið með roða og litlar blæðingar utan á hálsi sem vitnið teldi samrýmast þeirri frásögn brotapolá að tekið hefði verið um háls hennar. Vitnið hefði einnig fengið háls-, nef- og eyrnalækni til þess að skoða brotapolá með tilliti til mögulegra áverka innan á hálsi. Við þá skoðun hefði hvorki verið að sjá neina ferska áverka né punktblæðingar.

F sálfræðingur kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði vottorð sitt, dagsett 5. nóvember 2020, sem unnið var á grundvelli þriggja viðtala hennar við brotapolá. Í fyrsta viðtalinu sagði vitnið brotapolá hafa verið dofna en hún líka upplifað mikla vanlíðan. Stutt hefði verið liðið frá atvikinu og brotapolí verið með talsverð áfallaeinkenni. Þau einkenni hefðu bæði verið almenn og sértæk. Vitnið sagði brotapolá í þessu fyrsta viðtali hafa gefið stutta frásögn af því sem gerðist umrædda nótt. Sú frásögn brotapolá hefði verið skýr en hún samt verið í miklu uppnámi og grátið mikið þegar hún lýsti þessum atvikum.

Í þriðja viðtali vitnisins við brotapolá, en þá hefðu verið liðnar tæpar átta vikur frá meintu broti, hefði brotapolí verið með mjög væg áfallaeinkenni og verulega verið búíð að draga úr úr þunglyndiskvíða

og streitueinkennum og svefn verið orðinn betri. Vísbendingar hefðu því verið um að brotaþoli væri í eðlilegu bataferli. Þá kom fram hjá vitninu að brotaþoli hefði verið búin að vinna mjög farsælega úr afleiðingum fyrri áfalla.

G, barnsmóðir og fyrrverandi sambyliskona ákærða í 11-12 ár, bar fyrir dómi að ákærði væri fyrir harkalegt kynlíf og að fyrir hefði komið að þau stunduðu slíkt kynlíf. Vitnið kvað í því hafa verið fólgið að ákærði hefði bitið vitnið meðan á kynlífinu stóð, klipið það og þrengt að hálsi. Einnig hefði hann slegið í rass og andlit vitnisins. Vitnið bar að komið hefði fyrir að það hefði fengið áverka við þessar kynlífsathafnir og nefndi í því sambandi bitför, roða og klórför. Aðspurt sagði vitnið þetta harkalega kynlíf að vissu leyti hafa verið gagnkvæmt en þó meira af ákærða hálfu.

IV

Í málinu er ákærða gefin að sök nauðgun og stórfellt brot í nánu sambandi með því að hafa aðfaranótt 17. apríl 2019, á heimili brotaþola, fyrrverandi kærustu sinnar, ráðist að henni með ofbeldi og haft samræði og önnu kynferðismök við hana án hennar samþykkis, svo sem nánar er lýst í ákæru. Ákærði neitar sök. Hann hefur frá upphafi kannast við að hafa haft samfarir og munnmök við brotaþola í svefnherbergi í íbúð hennar umrædda nótt en ber því við að kynmökkin hafi verið með samþykki og vilja brotaþola.

Fyrir liggur í málinu að ákærði og brotaþoli voru um fjögurra til fimm mánaða skeið í einhvers konar sambandi. Þau bjuggu hins vegar aldrei saman. Ákærði lýsti sambandinu þannig að þau hefðu ekki verið formlega saman en hist talsvert oft. Sambandið hefði fyrst og fremst verið kynferðislegt. Brotaþoli lýsti sambandinu svo að hún og ákærði hefðu eytt miklum tíma saman en hún hefði hins vegar ekki litið svo á að þau væru í föstu sambandi.

Sakargiftir í málinu byggjast á framburði brotaþola. Er framburður hennar ítarlega reifaður í kafla III hér að framan. Svo sem þar er rakið bar brotaþoli fyrir dómi að hún og ákærði hefðu rætt um það tveimur vikum áður en atvik máls gerðust að slíta sambandinu og hefði frumkvæðið að því komið frá ákærða. Brotaþoli kvaðst hafa haft skilning á afstöðu ákærða og þeirri skýringu sem hann hefði gefið á henni en hún jafnframt lýst væntumþykju sinni í hans garð og því hversu ákvörðun um að slíta sambandinu myndi reynast henni erfð. Brotaþoli og ákærði hefðu þrátt fyrir þessar vangaveltur ákærða áfram haldið sambandi. Þannig hefði brotaþoli haft samband við ákærða í aðdraganda þeirra atvika sem í ákæru greinir og þau ákveðið að hittast um kvöldið og ræða möguleg sambandsslit. Þau hefðu sammælt um að ákærði myndi hringja í brotaþola þegar hann væri laus, sem hann hefði talið að yrði á milli kl. 01:00 og 02:00 um nóttina. Brotaþoli sagði ákærða hins vegar ekki hafa hringt fyrir en um kl. 04:00. Um þá tímasetningu ber þeim ákærða hins vegar ekki saman en ákærði heldur því fram að hann hafi hringt í brotaþola um kl. 02:00 um nóttina og verið kominn heim til hennar á milli kl. 02:00 og 02:30. Ekki verður neinu slegið föstu um tímasetningu símtalsins því að undir rannsókn málsins aflaði lögregla ekki upplýsinga um símnotkun ákærða og brotaþola umrædda nótt. Vegna þess verður heldur engu slegið föstu um það hvenær ákærði kom á heimili brotaþola um nóttina. Að mati dómsins hefði verið rétt að afla upplýsinga um símnotkun ákærða og brotaþola og hefðu þær upplýsingar getað haft vægi við mat á trúverðugleika framburðar þeirra í málinu. Lögum samkvæmt eru þær upplýsingar hins vegar ekki lengur til staðar hjá símafyrirtækjunum.

Brotaþoli hefur borið að ákærði hafi verið mjög ölvaður þegar hann kom á heimili hennar og í kjölfar þess að hann braut gegn henni hafi hann sofnað ölvunarsvefni. Ákærði hefur hins vegar borið að hann hafi drukkið 5-6 bjóra um kvöldið og fram til 02:00 um nóttina. Af framburði ákærða verður ráðið að hann hafi ekki sofnað ölvunarsvefni heldur hafi hann ákveðið að fara að sofa eftir að kynmökum þeirra brotaþola lauk í kjölfar þess að hún brotnaði niður. Skýrði ákærði þá ákvörðun sína svo fyrir dómi að undir það síðasta hefði sambandið verið búin að vera erfitt. Hann og brotaþoli hefðu bæði átt erfitt tilfinningalega á þessum tíma og undir lokin hefði brotaþoli ítrekað verið búin að brotna niður og talsvert drama verið því tengt hvort framhald yrði á sambandinu. Af þessum sökum hefði ákærði ekkert spáð meira í það þó svo að brotaþoli hefði brotnað niður á meðan þau voru í kynlífsathöfnum umrædda nótt heldur bara farið að sofa.

Samkvæmt skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða, dagsettri 17. apríl 2019, voru tekin þvag- og blóðsýni úr honum til lyfja og/eða alkóhólmeðlinga. Niðurstöður þeirra mælinga liggja hins vegar

ekki fyrir í málinu og er ekkert upplýst um ástæðu þess. Að mati dómsins hefðu niðurstöður mælinganna getað haft vægi við mat á trúverðugleika framburðar ákærða og brotaþola, en samkvæmt framansögðu hafa þau lýst ástandi ákærða er hann kom á heimili brotaþola um nóttina með talsvert ólíkum hætti. Af þessu leiðir að engu verður slegið föstu um það í málinu að ákærði hafi verið mjög ölvaður er atvik máls gerðust, svo sem brotaþoli hefur haldið fram.

Samkvæmt skýrslu C lækis, dagsettri 17. apríl 2019, um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola, var brotaþoli með áverka á bringu, baki, handleggjum og kjálka við skoðun á bráðamóttöku og segir í skýrslunni að líklega sé um bitför að ræða. Þá hafi hún einnig verið með mar í mismunandi stærðum og roða á bringu, baki, rassi, handleggjum, hálsi, andliti og læri. Segir í skýrslunni um þessa áverka að þeir séu mögulega eftir fingur þar sem brotaþola hafi verið haldið og hún slegin. Enga áverka var hins vegar að finna á kynfærum brotaþola. Þá kemur fram í móttökuskýrslu D hjúkrunarfræðings að brotaþoli hafi vegna þeirrar sögu sem hún gaf verið skoðuð af háls-, nef- og eyrnalækni en við þá skoðun hefði ekki verið að sjá neina ferska áverka eða punktblæðingar.

Ákærði hefur gefið þær skýringar á framangreindum áverkum brotaþola, þ.e. bit- og klórförum, roða og einstaka marblettum, að brotaþoli hafi áður en atvik máls gerðust verið búin að segja honum að hún væri fyrir harkalegt kynlíf, „... að láta taka í hárið á sér og hálsinn og bíta og eitthvað svona ...“ og hafi kynlíf þeirra oftast en ekki verið með þeim hætti. Komið hafi fyrir að brotaþoli hafi verið með áverka eftir kynlífið, aðallega bit- og klórför, en einnig marbletti. Sjálfur sagðist ákærði ekki hafa fengið áverka við kynlífið, enda hefði það verið hann sem var ráðandi í því. Ákærði kvaðst einnig hafa stundað kynlíf sem þetta með barnsmóður sinni og jafnframt konum sem hann hefði verið með eftir að upp úr sambandi þeirra slitnaði. Sagðist ákærði ekki hafa stundað slíkt kynlíf gegn vilja kvennanna.

Framburður barnsmóður ákærða, G, er því til stuðnings að ákærði sé fyrir það að nokkurri hörku sé beitt við kynlífsiðkun, en hún bar fyrir dómi að fyrir hefði komið á meðan þau voru í sambandi að þau stunduðu slíkt kynlíf. Hún sagði í því kynlífi hafa falist að ákærði hefði bitið hana meðan á kynlífinu stóð, klipið hana og þrengt að hálsi hennar. Einnig hefði ákærði slegið í rass og andlit hennar. G bar að komið hefði fyrir að hún hefði fengið áverka við þessar kynlífsathafnir og nefndi hún í því sambandi bitför, roða og klórför.

Eðli málsins samkvæmt segir framburður barnsmóður ákærða um harklegt kynlíf þeirra ákærða ekkert um vilja brotaþola í máli þessu til þess að stunda slíkt kynlíf, en fyrir dómi fullyrta brotaþoli að það hefðu þau aldrei gert. Hún sagði ákærða hafa verið búinn að greina henni frá því að hann væri fyrir gróft kynlíf en þau aldrei rætt það neitt nánar. Brotaþoli hefði þó vitað að ákærða þætti gott að narta og bíta létt meðan á kynlífi stæði, og einnig slá í rass, en ekki þannig að af því hlytust áverkar. Hefði ákærði nefnt þetta í samhengi við kynlíf hans og hans fyrrverandi. Brotaþoli sagði hins vegar ekki hafa komið til tals að hún og ákærði stunduðu slíkt kynlíf. Nánar spurð út í það atriði fyrir dómi bar brotaþoli þó að verið gæti að hún hefði nefnt að hún „... fílaði smá, bara lítið, bíta í hálsinn, svoleiðis ... gæti verið að ég hafi sagt það en alls ekki meira en það.“ Þá var á brotaþola að skilja, er hún var nánar spurð, að eitthvað hefði verið um nart í kynlífi þeirra ákærða. Brotaþoli sagðist aftur á móti aldrei hafa borið áverka eftir að þau stunduðu kynlíf en hún kvaðst fá marbletti auðveldlega. Spurð um það fyrir dómi hvort það að þrýsta á háls hefði verið partur af kynlífi hennar og ákærða svaraði brotaþoli því í fyrstu neitandi. Nánar spurð um það atriði staðfesti hún hins vegar sem rétt ummæli sín við skýrslutöku hjá lögreglu þess efnis að ákærði hefði tekið hana hálstaki meðan þau stunduðu kynlíf „... voða létt og svona aðeins.“ Þá kom fram hjá vitninu B fyrir dómi að brotaþoli hefði einhverju sinni nefnt við hana „... að henni finnst bara gott að hafa það (*kynlífið*), þú veist, kannski meira röff heldur en venjulega ... en kannski ekki þannig að það séu áverkar.“

Þegar allt framangreint er virt heildstætt verður að mati dómsins því ekki slegið föstu með vísan til þeirra áverka sem brotaþoli var með við skoðun að morgni 17. apríl 2019, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi beitt brotaþola ofbeldi til þess að ná fram kynmökum án samþykkis hennar.

Fyrir dómi bar brotaþoli að ákærði hefði á meðan hann var að hafa við hana samfarir skellt höfði hennar í vegg. Við læknisskoðun komu ekki fram áverkar sem styðja þá frásögn brotaþola. Þá bar hún, bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi, að þegar ákærði hefði legið ofan á henni hefði hún bitið hann mjög fast

í hálsinn í því skyni að verja sig. Framburður brotaþola fær að þessu leyti heldur ekki stoð í gögnum málsins en við réttarlæknisfræðilega skoðun sem H læknir framkvæmdi á ákærða um kl. 10:00 að morgni 17. apríl 2019 fundust engin bitför á ákærða, hvorki á hálsi né annars staðar.

Eins og að framan er rakið neitar ákærði að hafa ráðist að brotaþola með ofbeldi. Hann hefur frá upphafi haldið því fram að kynmök hans og brotaþola hafi verið með hennar samþykki. Framburður ákærða í málinu hefur verið stöðugur og greinargóður, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Hið sama má segja um framburð brotaþola. Framburður hennar hefur frá upphafi verið stöðugur og greinargóður og hefur hún ávallt haldið því fram að ákærði hafi haft við hana kynmök umrædda nótt án hennar samþykkis. Fyrir dómi bar B að brotaþoli hefði verið í miklu uppnámi er hún hringdi í hana um nóttina. Það sama má ráða af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu og stafa frá C lækni og D hjúkrunarfræðingi. Er lýst ástand brotaþola að sínu leyti til þess fallið að styrkja framburð hennar. Þá er framlögð skýrsla F framburði brotaþola til nokkurs stuðnings en skýrslan byggist aftur á móti, eðli málsins samkvæmt, á frásögn brotaþola af atvikum en ekki upplifun skýrsluritara sjálfs.

Af gögnum málsins og framburði vitna er ljóst að engir aðrir en brotaþoli og ákærði geta verið til frásagnar um þau atvik sem ákæra málsins tekur til. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu. Þá metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Dómari metur það enn fremur ef þörf krefur hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. laganna. Samkvæmt þessu og þegar allt framangreint er heildstætt virt þykir framburður brotaþola ekki hafa fengið slíka stoð í framburði vitna og framlögðum gögnum að því verði með réttu slegið föstu að ákærvaldinu hafi tekist að sanna, gegn eindreginni og staðfastri neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Verður hann því sýknaður af sakargiftum í málinu.

V

Samkvæmt niðurstöðu dómsins hér að framan ber samkvæmt 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að vísa bótakröfu brotaþola frá dómi.

Með vísan til úrslita málsins, sbr. 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs verjanda ákærða, Kristins Bjarnasonar lögmanns, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Gunnhildar Pétursdóttur lögmanns, en þóknun þeirra þykir eftir umfangi málsins hæfilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærði, X, skal sýkn af kröfum ákærvalds í máli þessu.

Bótakröfu brotaþola, A, er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs verjanda ákærða, Kristins Bjarnasonar lögmanns, 1.578.520 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Gunnhildar Pétursdóttur lögmanns, 671.460 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.